

# hagnýtt HÁDEGI

1.Október 2009

VSK 101

Þórey Vilhjálmsdóttir  
Viðskiptafræðingur MBA

# Hvað er skattskyld?

- Öll vara og þjónusta, sem ekki er sérstaklega undanþegin skattinum, er skattskyld.
- Allir rekstraraðilar, sem hafa með höndum sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu, eiga að innheimta og skila virðisaukaskatti.

# Undanbegin starfsemi – Lítill rekstur

- Aðilar með lítinn rekstur, þ.e. þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 500.000 kr. á ári, eru ekki skattskyldir.

# Undanbegin starfsemi – Lítill rekstur

- Þessum aðilum er skylt að tilkynna skattstjóra um starfsemi sína og innheimta og skila virðisaukaskatti frá þeim tíma þegar þeim má vera ljóst að sölutekjur af skattskyldri vöru og þjónustu verði 500.000 kr. eða meiri á 12 mánaða tímabili.

# Undanbegin starfsemi – Lítill rekstur

- Ekki er krafist greiðslu skatts af sölu sem á sér stað fyrir þetta tímamark.
- Jafnframt má ekki telja til innskatts virðisaukaskatts sem greiddur er fyrir skráninguna vegna kaupa á aðföngum til starfseminnar.

# Undanþegin viðskipti

- Útflutningur vöru og þjónustu

# Hvernig á að stofna VSK númer

- Sérhver skattskyldur aðili skal tilkynna um starfsemi sína eða atvinnurekstur til skattstjóra á sérstöku eyðublaði (RSK 5.02) eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst.

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

# Hvernig á að stofna VSK númer

- Tilkynninguna á að senda skattstjóra í því umdæmi þar sem aðili á lögheimili. Skattstjóri færir aðila á virðisaukaskattsskrá, úthlutar skráningarnúmeri (vsk-númeri) og gefur út staðfestingu á að skráning hafi átt sér stað.
- Það kostar ekkert að skrá vsk númer.

# Útskattur - Innskattur

- Hver aðili leggur skatt (útskatt) á söluverð sitt en við skil á skattinum í ríkissjóð dregur hann frá þann skatt (innskatt) sem hann hefur áður greitt.
- skatturinn leggst þannig á mismun söluverðs og kaupverðs, þ.e. þann virðisauka sem verður hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

# Útskattur

Söluverð án vsk. 1,000

+ vsk. 24,5 %

245



Útskattur

Söluverð með vsk. 1,245

# Innskattur

Innkaupsverð með vsk. 1,245

+ vsk. **19,68%**

245 ←

**Innskattur**

Innkaupsverð án vsk. 1,000

# Aðgæta varðandi innskatt

- Farsímkostnaður takmarkast af notkun.  
Eingöngu má nota hluta af honum til innskatts.
- Fartölvur eru líka hlutfallslega taldar fram til  
innskatts.

# Ekki innskattur af

- Kaffistofa eða mötuneyti
- Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn
- Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna
- Risna og gjafir
- Öflun, rekstur og leiga fólksbifreiða

# Sölureikningar

- Almenna reglan er sú að við sérhverja afhendingu á skattskyldri vöru eða þjónustu skal seljandi gefa út sölureikning.
- Sölureikning skal gefa út samtímis og afhending á sér stað, b.m.t. í hvers konar afborgunar- og lánsviðskipta

# Sölureikningar

Eyðublöð fyrir sölureikninga eiga að vera:

1. Þríriti
2. númeruð þannig að þau séu fyrirfram tölusett (árentuð númer) í samfelldri töluröð.
3. Reikningsnúmer skulu árentuð á allt upplag reikningseyðublaða áður en þau eru tekin í notkun.

# Sölureikningar

- Frumrit afhendist viðskiptavini.
- Annað eintak (afrit) reiknings skal varðveita í réttri töluröð.
- Þriðja eintakið skal liggja til grundvallar færslu á sölu í bókhaldi.

# Sölureikningar - Rafrænir

- Rafrænn (pappírslaus) sölureikningur er sölureikningur sem á uppruna sinn í rafrænu (pappírslausu) bókhaldskerfi í skilningi reglugerðar um rafrænt bókhald.
- Tölvufært bókhald er ekki það sama og rafrænt bókhald, t.d. er bókhald sem fært er í Excel ekki rafrænt bókhald.
- Bókhald er ekki rafrænt nema bókun viðskipta byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnslu kerfum og send eru á milli þeirra með rafskreytum sem sjálfkrafa skrást í sérstaka rafgagnadagbók.

# Sölureikningar - Upplýsingar

- Á sölureikningi verða eftirfarandi upplýsingar að koma fram og skulu þær færðar á reikninginn við útgáfu hans:
- Útgáfudagur.
- Nafn, kennitala og vsk-númer seljanda.
- Nafn og kennitala kaupanda.
- Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda.
- Magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.
- Hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki.
- Hver fjárhæð virðisaukaskatts er.

# Sölureikningur - dæmi

## Dæmi 6: Sölureikningur

Nafn og kennitala kaupanda	Reikningur fyrirfram tölusettur Nafn, kennitala og vsk-númer seljanda	Útgáfudagur
	Tumi ehf. Kt. 551111-0129 Vsk-númer: 99303	
Greiðandi: Verkfraðistofa Viðars ehf. Kt. 661212-4569	Nr. 456	
	REIKNINGUR Dagsetning 15.09.2007	
	Upphæð:	
An:	30.000	
- Uppsetning á tölvubúnaði - 12 klst x 2.500		
- 24,5% vsk.	7.350	
Greitt:		
	Samtals: 37.350	
Skatthlutfall virðisaukaskatts	Heildarverð með virðisaukaskatti	
Magn og einingarverð	Fjárhæð virðisaukaskatts	
Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda	Heildarverð án virðisaukaskatts	

# Hversu oft skilað

- Uppgjörstímabil virðisaukaskatts er almennt tveir mánuðir
  - janúar/febrúar
  - mars/apríl
  - O.s.frv
- Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, þ.e. greiða á virðisaukaskatt vegna janúar/febrúar eigi síðar en 5. apríl.

# Hversu oft skilað

- Nýbyrjaðir eða smáir rekstraraðilar gera upp virðisaukaskatt einu sinni á ári, svo fremi sem velta þeirra er undir 1.400.000 kr. á ári.

(verði veltan meiri þarf að gera leiðréttingu og uppgjör verður almennt).

# Virðisaukaskattsskýrsla

<b>RSK</b>					<b>Virðisaukaskattsskýrsla</b> Eintak skattstjóra	
VSK nr. 99501	Upogörlstmáli mars-apríl 2007	24	Gjalddag 05.06.2007	Sklamátt 10	A Skattskyld velta án VSK í 24,5% þrepí	Kr. <b>300 . 000</b>
Skattstjóri Skattstjórinn í Reykjavík Kennitala - nafn - heimili - póstsíði rekstraráðila 9999968-8869 Matarkaup hf. Tryggvagötu 202 101 Reykjavík					B Skattskyld velta án VSK í 7% þrepí	<b>700 . 000</b>
					C Undanþegin velta, svo sem útflutningur	<b>0</b>
					D Útskattur	<b>122 . 500</b>
					E Innskattur	<b>100 . 000</b>
					F Álagning (D-E)	<b>22 . 500</b>
					G Álag á vangreiddan virðisaukaskatt	<b>0</b>
					H <input checked="" type="checkbox"/> Til greiðslu (F+G) <input type="checkbox"/> Innregn	<b>22 . 500</b>
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við tynnliggjandi gögn.					Til þess að skil teijist fulnaegjandi verður eintak skattstjóra að vera útfyllt.	
S. júní 2007		Sigrun Sigurðardóttir			Dagsetning Undiskrift	
Til þess að skil teijist fulnaegjandi verður eintak skattstjóra að vera útfyllt.						

VSK 101

# Vefskil – [www.skattur.is](http://www.skattur.is)

- Boðið er upp á rafræn skil (vefskil) á virðisaukaskatti. Með því er átt við að virðisaukaskattsskýrslur eru sendar rafrænt til skattayfirvalda m.a. um þjónustuvef skattstjóra ([www.skattur.is](http://www.skattur.is))
- Greiðsla fer svo fram rafrænt í vefbanka.

# Vefskil – www.skattur.is

Skýrsla			
Vinsamlegast fyllið út liði A til E eins og form þetta gefur til kynna			
VSKnr. 89833	Uppgjörstímabil 2009-32 (júl - ágú)	Gjalddagi: 05.10.2009	Skattskyld velta A án VSK í 24,5% þrepí <input type="text"/>
Starfsemi: 32400 Framleiðsla á spilum og leikföngum	Skilamáti: 10 Tveggja mánaða skil	Sveitarfélag: 0000	Skattskyld velta B án VSK í 7% þrepí <input type="text"/> Undanþegin velta C s.s. Útflutningur <input type="text"/>
Kennitala - nafn - heimili - póststöð rekstraraðila 4802061420		Útskattur D <input type="text"/>	
Ólöf ríka ehf Hólmaslóð 4 101 Reykjavík		Innskattur E <input type="text"/>	
Móttakandi: Skattstjórin í Reykjavík Dagsetning: 29.09.2009		Álagning F <input type="text"/>	
		Álag G á vangreiddan VSK <input type="text"/>	
		Til greiðslu H <input type="text"/>	

VSK 101

# Vefskil – www.skattur.is

Skýrsla			
Vinsamlegast fyllið út liði A til E eins og form þetta gefur til kynna			
VSKnr. 89833	Uppgjörstímabil 2009-32 (júl - ágú)	Gjalddagi: 05.10.2009	Skattskyld velta A án VSK í 24,5% þrepí <input type="text" value="124.500"/>
Starfsemi: 32400 Framleiðsla á spilum og leikföngum	Skilamáti: 10 Tveggja mánaða skil	Sveitarfélag: 0000	Skattskyld velta B án VSK í 7% þrepí <input type="text" value="0"/>
Kennitala - nafn - heimili - póststöð rekstraraðila <b>4802061420</b>			Undanþegin velta C s.s. Útflutningur <input type="text" value="0"/>
Ólöf rika ehf			Útskattur D <input type="text" value="24.500"/>
Hólmaslóð 4			Innskattur E <input type="text" value="15.000"/>
101 Reykjavík			
Móttakandi: Skattstjóriinn í Reykjavík		Álagning F <input type="text" value="9.500"/>	
Dagsetning: 29.09.2009		Álag G á vangreiddan VSK <input type="text" value="0"/>	
		Til greiðslu H <input type="text" value="9.500"/>	

[Áfram](#) [Hreinsa](#)

**VSK 101**

# Ef ekki skilað

- Ef virðisaukaskatti er ekki skilað á réttum tíma, eða ekki er skilað núllskýrslu þegar rekstur liggur tímabundið niðri, verður skatturinn innheimtur með dráttarvöxtum og álagi auk þess sem atvinnurekstur kann að verða stöðvaður.

# Ef ekki skilað

- Ef ekki er greitt í síðasta lagi á gjalddaga reiknast álag á vangreiddan skatt.
- Álagið er 1% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga. Það verður bó ekki hærra en 10%.
- Eftir 1 mánuð leggjast einnig dráttarvextir ofaná.

# Verð með skatti eða án skatts?

- Í öllum upplýsingum um verð á skattskyldri vöru eða þjónustu skal koma greinilega fram ef uppgefið verð er ekki með virðisaukaskatti. Þetta á m.a. við um auglýsingar í fjölmáðlum, upplýsingar í búðargluggum og í verðlistum.
- Verð án vsk tilgreint!

# Bókhaldsgögn

- Skattskyldum aðilum ber að geyma bókhald sitt, bókhalds fylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

# Undanbegin starfsemi – Listamenn

- Listamenn eru undanbeginir skattskyldu að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000 - 9703.0000.
- Eftirfarandi listaverk falla hér undir:

# Undanbegin starfsemi – Listamenn

**9701 - Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti**

Á ekki við:

- uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk.
- handskrifaður texti.
- ljósmyndir á ljósnæmum pappír.
- handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.

# Undanbegin starfsemi – Listamenn

## **9702 - Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti**

- þ.e. myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndunum án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.

# Undanbegin starfsemi – Listamenn

## 9703 - Frumverk af höggmyndum og myndastyttum úr hvers konar efni

- Til þessa flokks teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru, jafnvel þótt vörur þessar séu hannaðar eða búnar til af listamönum.
- Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippi - myndir eða áþekk veggskreytispjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af listaverkunum enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu sam ræmi við þau. (Rammi = hluti af verkinu)
- Sala á handverki sem ekki fellur undir framangreind tollskrárnúmer er skattskyld.

# Undanþegin starfsemi

- Þeir sem njóta undanþágu frá skattskyldu þurfa ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni (útskatt) en geta á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna kaupa sinna (innskatt).

# Tollflokkun vöru

- Hægt er að leita til Elínar Svöfu Thoroddssen, lögræðings hjá tollstjóranum í Reykjavík og láta tollflokkva vörur.
- Með því móti er hægt að fá á hreint hvort vara er skattskyld eða ekki.

# Aðstoð eða spurningar

- Hægt að hafa samband við Skrifstofu Skattstjórans í Reykjavík.
- Virðisaukaskattsskrifstofa:
  - Kristín Norðfjörð (kristin@skr.is)
  - Katla Valdimarsdóttir (katla@skr.is)

# Heimildir

[www.skattur.is](http://www.skattur.is)

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Samtöl við starfsfólk Skattstjórans í Reykjavík

VSK 101

# hagnýtt HÁDEGI



Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

Hönnunarsjóður Auroru

VSK 101